

Fornleifaskráning vegna strenglagningar í Skagafirði og Öxnadal



Atli Rúnarsson
Kristín Sylvía Ragnarsdóttir

NV nr. 14-23
Júní 2023


 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning: Júní 2023
		Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☐ Háð leyfi verkkaupa
Skýrsla nr: 14-23	Verknúmer:	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna strenglagningar í Skagafirði og Öxnadal		Blaðsíður: Upplag:
Höfundur: Atli Rúnarsson & Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir		Fjöldi korta: Gerð skýrslu/verkstig:
Verkefnisstjóri: Margrét H. Hallmundsdóttir		Unnið fyrir: Mílu
Útdráttur Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðrar strenglagningar á þrettán jörðum í Skagafirði og Öxnadal.		
Lykilorð íslensk: Fornleifaskráning, Ljósleiðari, Strenglagning, Míla, Skagafjörður, Öxnadalur.		Lykilorð ensk: Archaeological Survey, Fibre optics, Míla, Skagafjörður, Öxnadalur.
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét Hallmundsdóttir		Yfirfarið af:

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	1
2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ.....	1
3. AÐFERÐAFRÆÐI.....	1
3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	2
3.2 SKRÁNING FORNLEIFA	3
4. SAGA.....	4
4.1 YTRI BÆGISÁ.....	4
4.2 ENGIMÝRI.....	4
4.3 FREMRI KOT	5
4.4 SILFRASTAÐIR.....	5
4.5 LAUGARDALUR	5
4.6 HÉRAÐSDALUR	6
4.7 STAPI.....	6
4.8 STEINSSTAÐIR.....	6
4.9 STÓRA VATNSSKARÐ	7
4.10 VALAGERÐI.....	8
4.11 VATNSHLÍÐ.....	8
4.12 GIL	8
4.13 BOTNASTAÐIR	8
5. HEIMILDASKRÁ.....	9
6. NIÐURSTÖÐUR	9
7. KORT.....	11

1. INNGANGUR

Að beiðni Mílu réðst fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða í fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðrar strenglagningar á nokkrum jörðum í Skagafirði og í Öxnadal. Skráningarsvæðið var samtals um 26.2km og langstærstur hluti af því meðfram vegi.



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðanna merkt inn á kort með gulum stjörnum

Vettvangsrannsókn fór fram dagana 23. og 24. maí 2023 og

fóru fornleifafræðingarnir Atli Rúnarsson og Kristín Sylvía Ragnarsdóttir á vettvangi og sá Atli um skýrslu- og kortagerð. Engar fornleifar, né heimildir um fornleifar, fundust við vettvangskönnun.

2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Skráðar voru fimm línur sem voru innan þrettán jarða. Þær jarðir voru, frá austri til vesturs, Ytri Bægisá, Engimýri, Fremri Kot, Silfrastaðir, Laugardalur, Héraðsdalur, Stapi, Steinsstaðir, Stóra Vatnsskarð, Valagerði, Vatnshlíð, Gil og Botnastaðir.

3. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki og myndir teknar.

Nokkrar fornleifaskráningar höfðu farið fram á svæðinu áður en það var þó brotakennt.¹

¹ Sjá skýrslur: Orri Vésteinsson, 2000, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson & Sölvi Björn Sigurðsson, 2001, Elín Ósk Hreiðarsdóttir et al., 2008, Eva Kristín Dal et al., 2008, Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga & Guðný Zoëga, 2009 & Bryndís Zoëga, 2017

3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

3.2 SKRÁNING FORNLEIFA

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíða Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3021 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3021-001.

4. SAGA

Þar sem strengurinn mun liggja yfir einungis örlítinn hluta jarðanna sem hér koma við sögu verður stiklað á stóru í sögulega yfirlitinu.

4.1 YTRI BÆGISÁ

Ytri Bægisá kemur fyrst við sögu í Ljósveitingasögu sem á að hafa átt sér stað á 11 öld. Þar var sagt frá brúðkaupi sem átti sér stað á Bægisá.² Árið 1199 var Fálki Dálksson drepinn á Bakka í Öxnadal og var hann jarðaður á Bægisá.³ Einnig var minnst á Bægisá í Lárentínusar sögu⁴ og elsti máldagi Bægisáarkirkju er frá 1399.⁵ 1429 var sagt að einn prestur og djákni væru við Bægisáarkirkju⁶ og minnst var á jörðina í máldaga frá 1494.⁷

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið árið 1712, var sagt að Ytri Bægisá væri kirkjustaður og benefictium. Jarðardýrleikinn var óviss því staðurinn tíundaðist ekki. Landskuldin var engin því presturinn nýtti staðinn frítt fyrir sitt uppeldi. Leigukúgildin voru engin en kirkjunnar kúgildi voru fimm. Kvaðir voru engar. Útigangur fyrir sauðfé var svipull fyrir fannlögum, mósukurður var lítill og grastekja varla teljandi. Jörðin átti afréttarland norðantil á Öxnadalshéið niður frá Grjóthryggjum sem kallaður var Folaldareitur. Engjar voru mjög slitróttar og heyskapur gat orðið svipull á engjum vegna vatnsaga úr fjallinu. Torfrista og stunga voru bjargleg.⁸

4.2 ENGIMÝRI

Elsta heimild um Engimýri er frá 1525 og var þá bæjarins getið sem eignar Hólastóls,⁹ og sömu sögu er að segja árið 1550 en þá var minnst á Engimýri sem eign Hólastóls eftir dauða Jóns Arasonar.¹⁰

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið árið 1712, var sagt um Engimýri að dýrleiki jarðarinnar væri 20 hundruð. Jörðin var í eigu biskupsstólsins á

² Björn Sigfússon, 1940, bls. 16-19

³ Örnólfur Thorsson ritstj., 1988, bls. 156

⁴ Guðrún Ása Grímsdóttir, 1998, bls. 277-279, 282

⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 518-519

⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 4. bindi, 1947-1950, bls. 381

⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 5. bindi, 1947-1950, bls. 294-295

⁸ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1943, bls. 163-164

⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 9. bindi, 1947-1950, bls. 301

¹⁰ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 11. bindi, 1947-1950, bls. 866

Hólum. Landskuldin var 100 og var greidd með fisk í kaupstað, leigukúgildin voru fimm og voru greidd í smjöri til Hóla. Jörðin gat fóðrað um vetur þrjár kýr, þrjátíu og fimm ær, fimmtán lömb og einn hest.¹¹

4.3 FREMRI KOT

Talið er að Fremri Kot sé sama jörð og Hökustaðir sem nefndir eru í Landnámu.¹² Minnst er á Hökustaði í Sturlungasögu¹³ og 1394 var minnst á jörðina í Pétursmáldaga.¹⁴

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem gerð var fyrir svæðið árið 1713 var sagt um Fremri Kot að jörðin hafi verið í eigu Silfrastaðakirkju og að landskuldin hafi verið 60 álnir sem var greidd til Silfrastaða. Leigukúgildin voru fjögur næstu átta ár og voru greidd með smjöri til Silfrastaða. Torfrista og stunga var bjargleg. Túnið skemmdist af skriðum árlega og var talin mannhætta að vera í bænum. Engi var votlent og þurfti því að þurrka hey.¹⁵

4.4 SILFRASTAÐIR

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem gerð var fyrir svæðið árið 1713 var sagt að Silfrastaðir væri kirkjustaður með Miklabæjar beneficio og Víðivalla kirkjusókn. Jarðardýrleiki á jörðinni var 80 hundruðir. Landskuldin var ekki ákveðin meir en þrjár hundruðir og greiddist í öllum flytjandi landaurum. Engar kvaðir voru á jörðin og sumar- og vetrarhagar merkilega góðir. Útigangur var fyrir sauðfé á vetrum og jörðin átti tvo afrétti, hálfa vestanverða Öxnaverðaheii og hálfa Hörgárdalsheiði. Torfrista og stunga var sæmileg til húsa og heyja og kirkjan átti rekaítök á Skaga. Jörðin átti tvær hjáleigur, Austurgerði og Ketilstaði.¹⁶

4.5 LAUGARDALUR

Laugardalur hét áður Litadalskot¹⁷ og hefur kotið orðið til eftir að jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var gerð þar sem það kemur ekki fram í bókinni. Í Sýslu- og Sóknalýsingum frá 1839 var sagt að Litladalskot var 10 hundruðir, lítið norðar og austar en

¹¹ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1943, bls. 157

¹² Orri Vésteinsson, 2000, bls. 21

¹³ Örnólfur Thorsson ritstj., 1988, bls. 634

¹⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 3. bindi, 1947-1950, bls. 519-520

¹⁵ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1930, bls. 154-155

¹⁶ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1930, bls. 150-152

¹⁷ Eva Kristín Dal, Kristborg Þórsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2008, bls. 142

Litlidalur¹⁸ og í Jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að jörðin væri í bændaeign og metin á 10 hundruðir.¹⁹

4.6 HÉRAÐSDALUR

Minnst var á Héraðsdal í Sturlungasögu²⁰ sem mun hafa átt sér stað á 13. öld. Næsta heimild um Héraðsdal var í bréfi frá 1395²¹ og svo í kaupbréfi frá 1444.²² Minnst var á jörðina í bréfum frá 1448,²³ 1485,²⁴ 1542,²⁵ 1559,²⁶ 1561,²⁷

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem gerð var fyrir svæðið árið 1713 var sagt að hálfkirkja hafi verið í Héraðsdal og tíðir veittar þrisvar á ári. Landeigandinn var Ólafur Þorláksson lögréttumaður. Jarðardýrleikinn var 60 hundruðir að meðtöldum tveimur afdeildum býlum, Ölduhrygg og Stapa. Landskuldin á hálfri jörðinni var 0 því landeigandinn bjó þar sjálfur, en leiguliðar greiddu eina hundruð. Engar kvaðir voru á jörðinni.²⁸

4.7 STAPI

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem gerð var fyrir svæðið árið 1713 var sagt að Stapi væri partur af heimaþingjörð Héraðsdals, landskuldin var 60 álnir í næstu 14 ár og var greidd í landaurum til Héraðsdals. Leigukúgildin voru þrjú og voru þau greidd í smjöri til heimabónða.²⁹

4.8 STEINSSTAÐIR

Minnst var á Steinsstaði í Landnámabók, þar var sagt frá Hreiðari sem bjá á Steinsstöðum,³⁰ og í Grettussögu en þar var sagt frá Tungu-Steini Bjarnasyni sem bjó á Steinsstöðum.³¹ Elsta

¹⁸ Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873, 1873, bls. 74

¹⁹ J. Johnsen, 1847, bls. 262

²⁰ Örnólfur Thorsson ritstj., 1988, bls. 658 & 725

²¹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 4. bindi, 1947-1950, bls. 26-27

²² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 4. bindi, 1947-1950, bls. 650

²³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 5. bindi, 1947-1950, bls. 25

²⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 6. bindi, 1947-1950, bls. 556

²⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 11. bindi, 1947-1950, bls. 128

²⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 13. bindi, 1947-1950, bls. 394

²⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 13. bindi, 1947-1950, bls. 587

²⁸ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1930, bls. 138-139

²⁹ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1930, bls. 139

³⁰ Íslendingabók og Landnáma, 1942, bls. 233

³¹ Guðni Jónsson, 2001, bls. 227

bréf sem til er um Steinsstaði er frá 1311³² og svo jarðasölubréf frá 1449.³³ Næst var minst á Steinsstaði í Sigurðarregistur frá 1525,³⁴ í bréfi frá 1565,³⁵ í festingabréfi Gottskálks Magnússonar og Guðrúnar Gottskálksdóttur frá 1565/1604³⁶ og í reikningum Hólastóls frá 1569.³⁷

Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem gerð var fyrir svæðið árið 1713 var sagt um Steinsstaði ytri og Steinsstaði syðri að þær væru ein jörð báðar saman og höfðu báðar eitt fyrirsvar en skiptu húsum, túnnum og engjum en voru tíundaðar saman að jarðardýrleika upp á þrjátíu hundruðir. Landskuldin var nítíu álnir og greiddist í gildum landsaurum ýmist heima eða til landsdrottins, sem var eigandinn Eggert Jónsson að Ökrum í Blönduhlíð. Engar kvaðir voru á jörðinni, torfrista og stunga voru sæmilegar og lax og silungsveiði var nýtanleg úr Héraðsvötnum. Sagt var að girðingar hafi verið um stekkjarstæðið og þótti líklegt að þar hafi verið þrælsgerði.³⁸

Í jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Steinsstaðir væru í bændaeign og var jörðin metin á þrjátíu hundruðir.³⁹

4.9 STÓRA VATNSSKARÐ

Um Vatnsskarð var sagt í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem gerð var um svæðið árið 1713 að jarðardýrleiki hafi verið 20 hundruðir og tíundaðist tveim tíundum presti og fátækum. Eigandinn var kirkjan í Glaumbæ og landskuldin var ein hundruð næstu 10 ár og greiddist í fríðu heima á jörðinni. Leigukúgildin voru 2 og engar kvaðir voru á jörðinni. Túnið spilltist af leir og grjóti úr bæjarlæknum og hætt var fyrir jarðföllum og dýjum. Landþröng var þar mikil og varð ábúandi að kaupa árlega beit af nágrönnum.⁴⁰

³² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 2. bindi, 1947-1950, bls. 373

³³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 4. bindi, 1947-1950, bls. 755

³⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 9. bindi, 1947-1950, bls. 321

³⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 14. bindi, 1947-1950, bls. 400

³⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 14. bindi, 1947-1950, bls. 414

³⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 220, 331-332

³⁸ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1930, bls. 137-138

³⁹ J. Johnsen, 1847, bls. 262

⁴⁰ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1930, bls. 83-84

Í jarðatali Johnsen frá 1847 var sagt að Vatnsskarð væri í Glaumbæjarkirkju eign, dýrleikinn var 20, landskuldin 1, kúgildin 4 og ábúendur voru einn leigjandi.⁴¹

4.10 VALAGERÐI

Ekki var minnst á Valagerði í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1713 eða í jarðatali Johnsen frá 1847.

4.11 VATNSHLÍÐ

Ekki var minnst á Vatnshlíð í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1713 eða í jarðatali Johnsen frá 1847.

4.12 GIL

Ekki var minnst á Gil í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1713 eða í jarðatali Johnsen frá 1847.

4.13 BOTNASTAÐIR

Í jarðatali frá 1618 voru Botnastaðir sagðir til helminga í bænda- og kirkjueig, jörðin var metin á 23 hundruð og 80 álnir. Kúgilind voru sögð sex og landskuld 120 álnir.⁴² Í jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns sem var gerð fyrir svæðið 1708 var jörðin metin á 20 hundruðir og skyldi tíundast í tveimur tíundum. Þá var jörðin í eigu Bólstaðarhlíðarkirkju, landskuldin var óviss og leigukúgildin voru engin þetta ár, en talið hafa verið á milli fimm og sjö áður og hafði verið greitt með smjöri. Engar kvaðir voru þá á jörðinni.⁴³

⁴¹ J. Johnsen, 1847, bls. 258

⁴² Björn Lárusson, 1967, bls. 237

⁴³ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1926, bls. 380-381

5. NIÐURSTÖÐUR

Engar minjar fundust við vettvangsathugun á skráningarsvæðunum og engar heimildir eða örnefni bentu til fornminja. Engra mótvægisáðgerða er þessvegna þörf. Vert er þó að benda á að samkvæmt menningarminjalögum ber að stöðva framkvæmdir og tilkynna til Minjastofnunar Íslands ef áður óþekktar fornminjar finnast við framkvæmdir.

6. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1926). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 8. bindi* - Húnavatnssýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1930). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 9. bindi* - Skagafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1943). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 10. bindi* - Eyjafjarðarsýsla. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Björn Lárusson. (1967). *The old Icelandic land registers*. Lund: Lund University.

Björn Sigfússon. (1940). *Íslenzk fornrit X - Ljósvetningasaga*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Bryndís Zoëga. (2017). *Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara frá Varmahlíð að Hofi í Vesturdal*. Sauðárkróki: Byggðasafn Skagafjarðar.

Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1-16. bindi. (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson & Sölvi Björn Sigurðsson. (2001). *Fornleifaskráning í Eyjafirði XV: Aðalskráning í Glæsibæjarhreppi III*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands SES.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Stefán Ólafsson, Sædís Gunnarsdóttir & Uggi Ævarsson. (2008). *Fornleifaskráning í Öxnadals- og Skriðuhreppi. Bindi I-III*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands SES.

Eva Kristín Dal, Kristborg Þórsdóttir & Ragnheiður Gló Gylfadóttir. (2008). *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Blöndulínu milli Blöndustöðvar og Akureyrar*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands SES.

Guðmundur St. Sigurðarson, Bryndís Zoëga & Guðný Zoëga. (2009). *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps II. Bólstaðarhlíð og Botnastaðir*. Sauðárkrókur: Byggðasafn Skagafjarðar.

Guðni Jónsson. (2001). *Íslensk fornrit VII. Grettis saga Ásmundarsonar; Bandamannasaga ; Odds þáttur Ófeigssonar*. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Guðrún Ása Grímsdóttir. (1998). *Íslensk fornrit XVII - Biskupasögur*. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Íslendingabók og Landnáma. (1942). Reykjavík: Herbertsprent.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

Örnólfur Thorsson ritstj. (1988). *Sturlunga saga*. Reykjavík: Sturlunguútgáfan.

Orri Vésteinsson. (2000). *Fornleifakönnun. Hringvegur í Norðurárdal í Skagafirði*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands SES.

Sýslu- og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. (1873). Akureyri: Bókautgáfan Norðri.

1. KORT



Skýringar

- Skráningarsvæði
- Fyrirhuguð lína

0 100 200 m

Skráningarsvæðið við Ytri Bægisá
Mælikvarði 1:5000. Dags. 29.5.2023. Kort 1
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson



Skýringar

-  Skráningarsvæði
-  Fyrirhuguð lína

0 250 500 m



Skráningarsvæðið við Engimýri
Mælikvarði 1:10000. Dags. 29.5.2023. Kort 2
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson



Skýringar

-  Skráningarsvæði
-  Fyrirhuguð lína

0 250 500 m



Skráningarsvæðið við Fremri Kot
Mælikvarði 1:10000. Dags. 29.5.2023. Kort 3
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson



Skýringar

- Skráningarsvæði
- Fyrirhuguð lína




Skráningarsvæðið við Silfrastaði, Laugardal,
Héraðsdal, Stapa & Steinsstaði
Mælikvarði 1:35000. Dags. 29.5.2023. Kort 4
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson



Skýringar

-  Skráningarsvæði
-  Fyrirhuguð lína



Skráningarsvæðið við Stóra Vatnsskarð,
Valagerði, Vatnshlíð, Gil & Botnastaði
Mælikvarði 1:45000. Dags. 29.5.2023. Kort 5
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson